

Námskrá 4. bekkjar í Upplýsinga- og tæknimennt

Inngangur:

Námssvið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér, miðlamennt, tölvunotkun, skólasafnsfræði og upplýsinga- og samskiptatækni. Einnig felst upplýsinga- og tæknimennt í því að læra að nálgast upplýsingar á ýmsum miðlum og nota þær í samræmi við siðferðileg viðmið um höfundarétt. Með þessu lærir nemandi að umskrifa og skapa þekkingu ásamt því að miðla henni á fjölbreyttan hátt í samræmi við tækni og það stafræna umhverfi sem við fylgjum.

Megin áhersla er að þjálfra nemendur markvisst frá byrjun skólagöngunnar og er það gert ýmist í gegnum samþættingu námsgreina eða í annari tölvukennslu.

Í upplýsinga- og tæknimennt er tekið mið af sex grunnþáttum (sjá hér fyrir neðan).

Neðst í skjalinu er að finna nákvæmari lýsingu á þeirri vinnu nemenda í 4. bekk í upplýsinga- og tæknimennt.

Vinnulag og vinnubrögð

Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Nemendur fara í sértaka tölvutíma hjá kennara í klukkustund á viku fram að jólum ásamt því að vinna með Ipada og vera í annari tölvuvinnu sem er samþætt hinum ýmsu námsgreinum allt skólaárið.

Í 4. bekk er lögð áhersla á að nemendur læri:

- að nota skólabókasafn sem upplýsingaver og fá bókasafnsfræðslu til að læra á umhverfi safnsins.
- læri að skrá sig inn með eigin notendanafni og læri að vera meðvitað um almennt tölvuöryggi.
- prófi mismunandi tæki s.s. tölvur og Ipad og vinni með náms- og leikjaforrit og nýti því rafrænt námsefni á einföldu formi.
- Geri sér grein fyrir ólíkum aðferðum á mismunandi tækjabúnaði og hugbúnaði og átti sig á því hvaða forrit sé hægt að nota hverju sinni.
- Vinni í teikniforriti, ritvinnsluforriti, umbrotsforriti og myndvinnsluforriti

Upplýsingaöflun og úrvinnsla

Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Nemendur í 4. bekk vinna með fréttir líðandi stunda og læra að leita að ákveðnum atriðum á netinu. Nemendur halda áfram að nýta sér rafrænt og gagnvirkt námsefni í ólíkum tölvukosti, bæði með smáforritum og á www.nams.is. Nemendur vinna að úrvinnslu með Word ásamt því að kynnst því að gera lifandi kynningar með PowerPoint Nemendur fá fræðslu á bókasafni.

Tækni og búnaður

Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Nemendur í 4. bekk nýta sér fyrst og fremst tölvur skólans ásamt öðrum tölvukosti s.s. Ipad. Leitast er við að nemendur öðlist enn betri færni í ritvinnsluforritum á borð við Word. Vinna í Ipad eykst þar sem nemendur vinna með meðal annars Imovie.

Sköpun og miðlun

Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Nemendur í 4. bekk læri að nota hugbúnað og miðli með honum ákveðinni þekkingu. Nemendur læra og kynnast betur forritum á borð við:

- Word- ritvinnsla fyrir 3. – 4. bekk
- Photostory myndakynningar
- PicCollage veggspjöld í Ipad
- Lazy Monster hreyfiforrit notað sem uppbrót á kennslu.

Siðferði og öryggi

Nemendur fara eftir reglum hvað varðar umgengni og notkun tækjabúnaðar.

Kennsluáætlun fyrir 4. bekk

Forrit og annað	Námsmat
<p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none">• læri að nota eigin notendanafn og lykilorð.• tileinki sér þær reglur sem fylgja við notkun tækja í skólanum.• læri á umhverfi skólabókasafns og fái fræðslu. Að nemandi læri að finna efni á bókasafni sér til fróðleiks og skemmtunar.• læri á ritvinnsluforrit Word í gegnum nams.is.• læri að gera lifandi kynningu í Ipad með PowToon. • vinnur með myndir og ritun í gegnum Photostory.• læri að vinna að handriti og taka upp efni og klippa í Imovie.• skoði fréttir líðandi stundar með kennara með umfjöllun og verkefnum í kjölfarið og noti til þess forrit sem nemandi er að læra á.	<ul style="list-style-type: none">• Símat kennara á virkni og áhuga nemenda í kennslustundum.